

L Ö G

um

skattgreiðslu h/f. **Eimskipafjelags Íslands.****43**
4. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmari, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eimskipafjelag Íslands h/f. skal vera undanþegið tekju- og eignarskatti árin 1924 til 1928, að báðum meðtöldum.

2. gr.

Árin 1925 til 1928, að báðum meðtöldum, skal fjelagið einnig vera undanþegið aukaútsvari eftir eignum og ástæðum, en í þess stað greiði það í bæjarsjóð, þar sem aðalaðsetur þess er, 5 af hundraði af nettóágóða, og greiðist sá skattur 1. apríl ár hvert af ágóða næstliðins árs. Á öðrum stöðum greiðist enginn skattur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 4. júní 1924.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.